

Pælingarnar mínar - árið 2022.

Efnisifirlit.



BLS.

02. Hin græna orka - 29 janúar 2022
03. Rússar í Úkraínu - 25 febrúar 2022
04. Hví að frelsast - 12 mars 2022
05. Íslandsbanki seldur - 11 apríl 2022
06. Sjóferðabókin 11 maí 2022
07. Guð er númer eitt - 2 júní 2022
08. Gott við Facebook - 29 júlí 2022
09. Réttarríkið - 9 ágúst 2022
10. Fiskur. Annar þanki - 15 september 2022
11. Félagsmenn Verkalýðsfélaganna - 13 október 2022
12. Saga af þabba - 25 nóvember 2022
13. 18 ár eða 16 ár - 4 desember 2022



Nú um stundir má segja að heimur allur standi við viss vatnaskil tilveru sinnar. Umræða dagsins stendur um orku sem margir eru sammála um að þurfi að taka breytingum. Og til verður hugtak sem fengið hefur nafnið „Græn orka“- sem, skilji ég málið rétt, er þannig gerð að hún byggir á sjálfendurnýjanlegum grunni og um leið varanlegum, en er ekki eins og hin sem minnkar eftir því sem meira er úr honum tekið. Sé slíkt gert sjá allir að innan viss tíma þrjóta birgðir og vandræði skapast. Gildir um olíu jarðar og margt annað einnig sem við erum að nota til hæginda eigin lífs en mun að endingu þrjóta, rétt eins og gerist með kartöflupokann sem allir vita að dugir í visst margar máltíðir áður en að endurnýjun þarf. Við viljum hafa það sem er varanlegra þessu og leitum að logandi ljósi. Margt er varanlegt en í allt þarf að sækja. Ekki er nóg að vatn renni til hafs heldur þarf að nýta það til síns brúks.

Sjálfendurnýjun er til staðar og má sjá hana í fiskistofnunum hér við land og gerir áfram svo fremi sem vitið helst í kollinum og við missum ekki takt við veruleikan. Slíkt sem kunnugt er hefur gerst en við lært af og viljum ekki að endurtaki sig. Og við njótum afraksturs sjálfbærni.

Þessi hugsun um endurnýjum af sér sjálfu, merkilegt orðalag, hefur lengi verið til. Samt ekki sem hugsun mannskyns, þó svo sé í dag og er tiltölulega nýr þanki þar.

Skoðum ritninguna og flettum upp á Jóhannesarguðspjalli og lesum samtál Jesús við Samverska konu sem fram fór við brunn einn sem íbúar bæjarins komu til og sóttu sér í vatn í og báru heim:

„Jóhannesarguðspjall. 4. 13-15. Jesús svaraði: „Hvern sem drekkur af þessu vatni mun aftur þyrsta en hvern sem drekkur af vatninu er ég gef honum mun aldrei þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind sem streymir fram til eilífs lífs.“ Þá segir konan við hann: „Drottinn, gef mér þetta vatn svo að mig þyrsti ekki og ég þurfi ekki að fara hingað að ausa.“– Hún nær ekki samhenginu. Tíma tekur fólk að skilja. Allt eðlilegt.

Í þrettánda versí segir að hver sem drekki af þessu vatni muni aftur þyrsta. Hvert okkar veit ekki þetta og að með þeim hætti sé í pottinn búið?

Það sem Kristur segir er að trúin í hjartanu endurnýi sig sjálf og sé sífersk sem gangi ekki á grunn. Að manneskja geti leitað þangað hvenær sem hana þyrstir. Á hvað annað en sjálfbærni er verið að benda? Er það ekki umræða dagsins að fá orku sem endurnýst fyrir eigin rammleik? Kristur talar með þessum hætti og bendir ágættri konunni á að þó hún drekki vatnið í brunninum muni hún aftur koma þangað til að drekka. Trúin er þá þessi „Græna orka“- sem við segjum að þurfi að innleiða og sem þá hugsunin um sjálfbærni. Eru menn ekki annars sammála þessu?

Kristur bendir að allir sem hann gefi líf í sér þurfi ekki að fara þangað eða hingað til að svala trúarþorsta sínum. Trú er gjöf og gjöf Guðs gengur ekki á grunn heldur ber allt í sér sem þarf. Sjálfbærni, minn kæri vinur og ekkert annað.

Ekki er samt svo að skilja að við munum ekki þurfa að hafa fyrir einu og öðru verki eins og verið hefur en verið að benda á hér að þessi hugsun hafi lengi verið til og mikilvægi þess að menn læri upp úr Orði Guðs og láti Orðið leiðbeina sér. Mikið hagræði væri í slíku og um leið mikil vinnuhagræðing. Þar eins og sjá má er lesning um sjálfbærni hluta og að hún hafi lengi gengið með mannkyni en menn ekki sett í samhengi við vangaveltur sínar um daginn í dag.



Rússar hafa efnt til stríðs við Úkraínu og eru með herlið sitt þar í þessum sögðu orðum. Forseti Rússlands beitir aflfi hersins staðráðin í að ná fram því með valdi sem ekki tókst að gera með umræðum og samningum. Gömul saga er endurtekin og öll mannkynsagan skráð með sama hætti. Risastóru varnarbandalögin sem stofnuð voru í þeim eina tilgangi að aldrei aftur yrði efnt til stríðs á borð við síðari heimstyrjöldina hafa ekki nema að hluta til virkað. Samt er ekki hægt að neita að þau séu afl sem eftir sé tekið og orð þaðan vegi þungt. Samt verður að segjast eins og er að NATÓ- ESB, eða hvað þetta allt heitir, séu ekki nema að litlu leiti að virka. Samt eitthvað smávegis. Og skal hér játað.

Enn og aftur sjáum við krumlu Rússlands reidda til höggs gegn ríkjum sem gamla Sovétveldið stóð á. Enn og aftur sjáum við vilja þjóða til að ráða sér sjálfar og gera án afskipta annarra landa í kring. Þessi hugsun verður aldrei afnumin því hún liggur í eðli manns, sem og þankinn um að eiga eigið heimili sem ég ræð öllu í sjálfur hvernig sé útlits, hvar muðlurnar séu í herbergjum og hvað litur á veggjum.

Sama gildir um landið mitt. Þar er ég fæddur. Þar hef ég alið allan minn aldur. Þar ætla ég að lifa og deyja í landinu sem ég fæddist í. Þetta í grunninn er sem við er að eiga og við að glíma sem gerir öll inngríp annarra erfitt um vik. Þjóð sem kemst áfram með þetta og beitir aflfi herja sinna mun ekki halda sínu og verkið ekki vara nema í stuttan tíma vegna þess að koma gegn eðli fólks og grunnhugsun fólks um að tilheyra þjóð. Þetta er eitt af þessu sem ekki breytist, sama hversu harðneskjan er mikil og líka þó takist að kasta dudu yfir slíka hugsun og hindra að verði mjög hávær í fólki. En hún mun alltaf taka sitt sæti og verða heyrnleg rödd sem leitast við að endurheimta land forfeðra sinna. Þetta er að vera manneskja. Gegn þessu er verið að koma.

Eðli manneskju verður ekki breytt hvorki með ofbeldi né harðneskju af neinni sort. Hugsunin um að: „Þetta er landið mitt, þetta er þjóðin mín sem allt mitt fólk er komið af og forfeðurnir lögðu að grunn.“- mun heyrast. Sagan er endurtekin. Við skiljum ekki grunnhugsun manneskju.

Hvað hún á eftir sættir sig við er ekki gott að segja en breytir ekki hversu hugsunin „um landið mitt“- er öflug. „Þjóðin mín.“- Við sínum þetta með því að búa inn á eigin heimili.

Þar sem hervaldi er beitt, er víða gert, munu alltaf annað veifið heyrast raddir og jafnvel koma upp erjur vegna nákvæmlega slíks þanka um að land tilheyri mér. Sama hvað harðstjórnin er mikil, sama hvað reynt sé að gera til að eyða hugsun af þessum toga út úr fólki mun það ekki takast. Eðli manns er rosalega öflugt afl.

Að innlima land og lönd í þessu skjóli sjáum við að er alger ósvinna með ekkert framundan nema tómmt vesen og leiðindi. Við nefnilega verðum áfram Bandaríkjamenn, Breskir menn, Rússar, Þjóðverjar, Slóvakar, Færeyingar og eða íslendingar. Við sjáum að svona yfirtaka er algerlega óvinnandi vegur og getur aldrei gilt nema skamma stund. Sovétríkin voru til í eitthvað sjötíu ár. En þá líka voru þau strokuð út af landakortinu af sömu ástæðu og vegna þrístings og hróps þjóða um sjálfstæði. Ógerlegt er að losa fólk undan slíkum þanka.

Að því er ýjað að Rússar muni jafnvel beita kjarnavopnum, sem nóg er til af þar. Rétt er það. En þá skal haft í huga að mörg bandalagsríki eru einnig með þau að ég tel útilokað að Rússnesk stjórnvöld gangi svo langt að hugleiða slíkt í neinni alvöru. Hvað sem þau á eftir geri.



„Af hverju þarf ég að frelsast? Frá hverju þá og hví? Ég er vænn maður, heiðarlegur og góður drengur. Skulda engum neitt og engum mér vitanlega gert neitt rangt til, né á neinum tíma verið með mitt í vanskilum. Legg reglulega af fjármunum mínum til hjálparsamtaka. Er vel giftur og státa af ástsælu hjónabandi. Öll börn mín heiðvirt fólk og geta sér ágætt orð hvar sem þau eru. Frá hverju þarf ég að frelsast?“- Sumir eiga slíka sögu í fullum sannleika. Besta mál.

Alveg er ljóst að sá sem slíku lífi lifir þarf ekki að frelsast frá þessu. Og er heldur ekkert verið að tala um þessi atriði í lífi fólks. Frelsi eins og það birtist fólki, með kallinu um að það verði að frelsast frelsun Jesús, er um leið afl sem sviptir af hulu sem allir menn hafa yfir sér. Bæði besti maður og verstí fantur. Biblían hefur orð inn í þælingu vantrúar. Munum að besta manneskja, sem engum skuldar, greiðir allt á gjaldaga, elskar maka sinn, heimili og börn í sannleika, getur eins og hver annar verið haldin vantrú en samt verið með margt, allt kannski á hreinu. Trú hefur ekkert með heiðarleika minn og drengskap að gera, en er auðvitað kostur hvers manns sem leitast við vera þetta. Enda ekki fjöldinn allur sem stendur í illdeilum heldur til þess að gera fámennur hópur en fyrirferðarmikill og hávær skríll. Flest fólk lifir friðsælu lífi. Við sjáum að ekkert er verið að tala um þessi atriði þegar talað er um trú og að sérhver manneskja þurfi að frelsast. Önnur ástæða liggur þar til grundvallar. Hið alvarlega er að samkvæmt skilgreiningu Biblíunnar og það sem hún kennir er að til sé annað en bara þetta líf og að hitt sé ósýnilegt. Trúin segir, kennir, að í mér, hverri manneskju, sé andlegur maður sem lifi eilíflega en staðirnir tveir sem um sé að velja og að Drottinn Jesús tilheyri bara öðrum staðnum. Ekki báðum. Heiðarleiki eða ekki heiðarleiki fólks breytir engu um þetta. Heiðarleiki er kostur. Samkvæmt Orði Guðs vel ég sjálfur hvar ég enda. Og til að sjá þetta svona þarf ég trú. Trú þarf að boða og kenna. Hér kemur til kasta míns og þíns sem þekkjum lifandi og upprisinn Jesús. Hann einn birtir fólki sannleika máls. Og meira! Stendur við Orð sín, sem hvorki ég né þú höfum nokkurt afl í. Enda beinir boðberar fagnaðarerindis um sannleika lifandi Guðs. Sannleikurinn um neina skilvísi er ekki boðunarefnið en til hennar má hvetja. Hvort sem er heiðvirð manneskja eða óheiðvirð deya bæði, og öll börn þeirra með tíð og tíma.

Heiðarleg manneskja, góður faðir, ástrík móðir, skilja eftir sig góða arfleifð, en samt ekki verið að fjalla um þetta. Hróp himinsins hvetur fólk til að taka við Jesús og heiðarleiki ávöxtur trúar:

„Rómverjabréfið. 3. 23. „Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.“- Við sjáum hér orðið „Allir“ og líka að málið snýst ekkert um mig heldur um trú mína. Snýst ekkert um góðverk mín né um jólakökuna sem ég eitt sinn færði ömmu. Ekki heldur drengskap minn né heiðarleika, þó vissulega sé til hans daglega hvatts, né neitt sem ég geri í eigin mætti. Jesús gerir mig hólpinn og ég trúí á hann. „Er þá alveg sama hvernig ég hegða mér?“- „Hefur lífið kennt þér það? Held ekki frekar en mér.“- Það er máttur Krists sem sker úr um heill, blessun og eða vanblessun. Bókhald mitt sem staðfestir öll mín orð, alla mína gjafmildi og ölmusugjafir, eru ekki málið er upp er staðið heldur játun mín á Jesús. Annað gildir ekki á þeim stað. Trúin gerir mig hólpinn. Við getum ekkert annað gert en að draga hring utan um Krist. Það er af þessari ástæðu sem hrópið gengur út yfir byggðir manna og tilkynnt að Jesús efnir til veislunnar og engin annar.

Boðberar Drottins kalla þetta til fólks og útskíra hví það þurfi að frelsast. Nákvæmlega! Háttaskipti hugarfarsins þarf. Með henni fær fólk útskíringu. Jesús lifir!



Sagt er að engin sérstök þörf hafi verið á að selja Íslandsbankann núna. Sennilega rétt tilgáta en hvenær á að selja og hvenær á ekki að selja þetta og hitt? Menn selja ekki allt sem þeir selja af tómri þörf og blankheitum heldur máski meira af hinu að vel megi selja eins og til að mynda einn ríkisbanka vegna þess að slíkt var með í til að mynda Stjórnarsáttmálanum.

Réttur tími! Held að hann komi aldrei í tilviki sölu á ríkisbanka. Mann ekki eftir neinni annarri umræðu en henni að selja ætti Ríkisbankanna, þó maður hafi sínar efasemdir um réttmætið og til hvers, og það allt.

Einkabanka, ríkisbanka. Hvort viljum við? Mér er sama hvor tegundin leikur hér lausum hala svo fremi sem ég get lagt inn og tekið út pening eftir þörfum og haft heimild til yfirdráttar á Vísakortinu mínu, þurfi að grípa til hennar og fengið almenna bankaþjónustu. Ætli sé ekki svipað ástatt um flest okkar hin.

Hið merkilega og óskiljanlega við þetta er að fæstir inn á hinu háa Alþingi virðast hafa vitað hvað til stæði að þessu leiti þó málið venju samkvæmt hafi siglt gegnum margar umræður á hinu háa Alþingi Íslendinga og bæði stjórnarliðar og stjórnarandstaðan verið með í henni. Samt komu margir þingmenn að sjá af fjöllum og viðhöfðu fjölmörg orð. Voru þeir kannski að smala til heiða og fjalla?

Að sjálfsögðu ganga kaupin á Íslandsbanka í gegn, eins planað var. Einnig er hægt að söðla algerlega um og festa í lög að Ríkið bara eigi bankanna áfram og að allt haldist kyrrt á sama stað. Öllu svona ráðum við sjálf og spurning um hvernig við viljum hafa þessi mál. Hinu er samt ekki að neita að hin óskiljanlega umræða „Haltu mér slepptu mér umræðan“- er svolítið algeng á meðal okkar. Heitir þetta ekki að vera „Svolítið ráðvilltur?“ Gruna það.



Mann eftir því með Sjóferðarbókina sem menn gátu sótt sér að farið var með bók þessa upp í brú til skipstjóra, sem færði inn í hana skráningardag áhafnar meðlims, ásamt að rita nafn sitt undir. Minnir líka að skipstjóri hafi sett inn daginn sem áhafnar meðlimur yfirgaf skipspláss sitt. Sjóferðarbókin á margan hátt er merkilegt fyrirbæri, verður maður að segja en langt um liðið frá því maður síðast handleik sitt eigið eintak og er bókin manni fyrir margt löngu glötuð skrudda.

Hvernig sem það allt var gátu menn farið á skrifstofu Sýslumannsembættis og fengið staðfest hvenær þeir yfirgáfu skipspláss sitt og voru afskráðir sem um leið stimplaði stimpli embættisins í bókina góðu. Og allt varð löglega gert og unnið.

En eitthvað var maður kærulaus með að láta færa inn í bókina skipin sem maður réð sig á og hver væru, og þar fram eftir götunum. Voru því í bókinni talsvert af eyðum og bara hluti sjóferðarsögu minnar. Rekur ágætur maðurinn, fyrrum sjómaður, augun í þetta og lætur álit sitt í ljós á þessu kæruleysi mínu. Mann ekki alveg orðaskiptinn þarna við afgreiðsluborðið nema ég segi og spyr af hverju ég ætti að standa í slíku: Segir ágætur maðurinn mér þá að fyrir komi að menn séu nú heiðraðir fyrir sín sjómennski störf. Kvað ég þá svo að orði að ég yrði nú aldrei heiðraður fyrir sjómennsku mína. Greip maðurinn þá orð mín á lofti og svaraði hvassyrstur: „Það veist þú ekkert um.“- Sem auðvitað er rétt að ég frekar en aðrir menn veit ekki ævina fyrr en hún öll er. Alltaf þótt svar hans fyndið.

Er þetta atvik rifjaðist upp fór ég að hugleiða hvort maður ætti bara ekki að láta á þetta reyna og sækja um heiðrun hjá Sjómannadagsráði sem þá mögulega mundi heiðra mig Sjómannadegi því fáir jafn oft mér skiptu um skip. Fyrir það „afrek mitt“- mætti kannski heiðra þennan fyrrum sjómann. En ætli það gengi? Er ekki viss.

Sagan er samt skemmtileg og ánægjuleg til þess að vita að gamla góða Sjóferðarbókin sé ekki bara í dag venjuleg Sjóferðarbók heldur einnig frá því í ágúst mánuði 2013 verið gilt skírteini eiganda, með mynd og öllu tilheyrandi. Vissi ekki um þessa breytingu sem gerð hefur verið á Sjóferðarbókinni og fannst hún einkar áhugaverð og ennfremur að ágæt Sjóferðarbókin sé enn í fullu gildi og í metum höfð í stétt sjómanna eins og verið hefur.



„Guð er númer eitt“ - segja menn og koma með upptalningu hvað sé númer tvo og þrjú og svo framvegis. En hver hann þessi Guð sem við setjum í fyrsta sæti? Höfum við einhvertímann velt þessu fyrir okkur? Guð sem við höfum sjálf valið í efsta sæti og engin er að efast neitt um nema sitji þar, er merkilegt hugtak sem alveg er vert að spá í og læra betur um sjálfum sér til skilnings. Guð er það sem Biblían segir hann vera. Hvað segir hún? Allavega nógu mikið til þess að sjá með alveg skírur hætti að talsverður spotti sé í sæti númer tvö á listanum sem við bjuggum sjálf til. En erum við viss um að þetta bil sé það sem við vinnum eftir sem trúað fólk? Hvernig er slíkt gert? Með því að skilgreina vel Guð okkar.

Listi sem þá yrði til gæti litið einhver veginn svona út.

-Farisear spurðu Jesú hvenær Guðs ríki kæmi. Hann svaraði þeim: „Guðs ríki kemur ekki þannig að á því beri. Ekki munu menn segja: Sjá, þar er það eða hér er það því að Guðs ríki er innra með yður.“ Lúkasarguðspjall 17.20-21.

-Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir. Filippíbréfið 4.13

-Þar eð við því höfum þessi fyrirheit, elskuð börn mín, þá hreinsum okkur af allri saurgun á líkama og sál og fullkomnum helgun okkar í guðsótta. Síðara Korintubríf 7.1

-Sá sem hlýðir á holla umvöndun mun búa meðal hinna vitru. Orðskviðirnir 15.31

-Höldum fast við játningu vonar okkar án þess að hvika því að trú er sá sem fyrirheitið hefur gefið. Hebreabréfið 10.23

-Fyrir þá náð sem mér er gefin segi ég ykkur öllum. Enginn hugsar herra um sjálfan sig en hugsa ber heldur í réttu hófi, og hver og einn haldi sér við þann mæli trúar sem Guð hefur úthlutað honum. Rómverjabréfið 12.3
Ég skil ekki hvað ég aðhefst. Það sem ég vil geri ég ekki, hitt sem ég hata, það geri ég. Rómverjabréfið 7.15
Hvað sjáum við hér. Vinnu hins kristna og meiri vinnu. Ritningarstaðirnir vitna um að Guð í fyrsta sæti sé heilmikið starf. Honum þjónum við fyrst og áður en sæti númer tvö mögulega verður kostur. Ritningin segir sjálf að tími sé fyrir allt. Latt og skipulagslaust fólk hentar trú illa. Verk er framundan.

Hugsid ykkur gæðin sem við upplifðum ef og þegar við skiljum hvað átt sé við með Guð í fyrsta sæti. Röðunin krefst skírar hugsunar. Annars verður hún bara en einn frasinn. Gefur Kristur sjálfur ekki orð inn í akkúrat þetta?:

„Mattuesarguðspjall. 10. 37-42. Sá sem ann föður eða móður meir en mér er mín ekki verður og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér er mín ekki verður. Hver sem tekur ekki sinn kross og fylgir mér er mín ekki verður. Sá sem ætlar að finna líf sitt týnir því og sá sem týnir lífi sínu mín vegna finnur það.

Sá sem tekur við yður tekur við mér og sá sem tekur við mér tekur við þeim er sendi mig. Sá sem tekur við spámanni, vegna þess að hann er spámaður, mun fá spámans laun og sá sem tekur við réttlátum manni, vegna þess að hann er réttlátur, mun fá laun réttláts manns. Og hver sem gefur einum þessara smælingja svaladrykk vegna þess eins að hann er lærisveinn, sannlega segi ég yður, hann mun alls ekki missa af launum sínum.“-

Við sjáum að á undan öðru sæti, flestir segja að það sé fjölskyldan, koma allmargar Biblíulegar tilvitnanir. Hvernig lýst okkur slíka uppljómun. Sjáum við blessunina af að breyta með þessum hætti? Er ekki viss en veit vissu mína um að frasaguðfræði hafi byrgt margri manneskju rétta sýn. Sekur, saklaus? Ekki er mitt að dæma.



Góða við Facebook, snjallsímann, og sum fleiri tæki sem við notum, er að engin þarf að vera með neinn þar sem veldur ónæði, temst við ósæmilegt orðfæri og er með leiðindi. Þú einfallega lokar á viðkomandi og engin leið er fyrir hann lengur að gera framar óskunda á þínu svæði.

Munum að við ráðum ferðum okkar sjálf. Líka á Veraldarvefnum. Og þar gerist margt gott. Verum þeim megin og vitum hvaða fólki við hleypum inn og hikum ekki við að losa okkur hina sem reynast maðkur í mysu.

Geri maður ekkert sjálfum sér til varnar skal maður líka hætta að kvarta. Með léttum leik má losa sig frá öllu svona inn á sínu eigin svæði. Og þessir miðlar umbreytast frá því að vera varsöm tæki yfir í traust og góð tæki, sem þau líka í grunninn eru. Hvort viljum við?

Stjórnnum ferðinni sjálf og vitum að tæki er hvorki vont né gott. Það sem gerir þau varsöm eru manneskjurnar sem nota þau og sumar í illum tilgangi.

Þessir netmiðlar eru vandaðir en gefa notendum allt færi á að nota þá eins og hver vill. Engin sem ekki vill þarf lengur að búa við sóðaskap á sínu svæði. Með lítilli aðgerð og fljótlegri er hann laus. Og við blasir heilbrigð síða. Þetta er hið stórkostlega og áhugaverða við þessa tækni sem tengir orðið heiminn saman og gerir að einu svæði. Verum því hyggðar manneskjur og nótum þessa miðla óhrædd og stjórnnum sjálf umferðinni, því það er okkur boðið.



Ljóst er að Bandarísk yfirvöld gangi fram og geri sitt til að herra Trump fyrrum Bandaríkjaforseti geti ekki boðið sig aftur fram til embættis forseta Bandaríkjanna. Leitað er að dæmum sem sanni sekt mannsins en ekki atriða sem gætu hreinsað hann af sekt. Nú um stundir þar Vestra miðast öll vinna við að koma þessu í kring og dæma manninn.

Á Íslandi eru til dæmi um þetta og gerðist eitt slíkt tilvik í Geirfinnsmáli og annað tilvik eftir Bankahrúnið 2008. En í báðum þessum málum gengu íslensk yfirvöld hastarlega fram gagnvart tilteknu fólki. Fyrst til að gera þann hóp að ábyrgðarfólki Geirfinnsmálsins, og í seinna tilviki, ábyrgt fyrir bankahrúni.

Sjáum við ekki mikilvægi þessa að virða og fara rétt með réttarkerfi þjóða og hafa þá hugsun efsta að allir teljist saklausir uns sekt er sönnuð. Réttarríkið sjálft þarf að vera með slíka hugsun. Í raunveruleikanum, oft á meðal fólksins, er langur vegur frá slíkri hugsun. Réttarkerfið má ekki vera þar.

Mál Trump fyrrum Bandaríkjaforseta snýst ekki á neinn hátt um persónuleika hans heldur um sjálft réttarríkið og virkni réttarríkisins sem samkvæmt mínum skilningi er sett fram til varnar einstaklingum. Hverjum sem er. Fátt er hættulegra þjóðum og ríkum en að vinna gegn sínu eigin réttarríki.

Að lenda í klóm yfirvalda er engum neinn leikur.



Ótrúleg þróun og þroski hefur orðið í öllum fiskveiðum okkar Íslendinga og vinnslu sjávarfangs síðustu áratugi. Að engum hvarflar lengur að fara með aflann á tún eða í geymslur einhverskonar vegna þess að ekki hefst undan að vinna fisk sem berst að í aflatörnum sem geta orðið risavaxnar að ekki ræðst neitt bið neitt. Nema gegnum stjórnun. Menn virða orðið miðin.

Daglega komu vertíðarbátarnir að landi hver á eftir öðrum með tugir tonna hvert skip sem allir settu afla róðursins á vörubílsþalla, í til að mynda Grindavíkurhöfn, og ók hver vörubíll til síns áfangastaðar með afla bátanna á opnum vörubílsþöllum sem úr lak niður á veg þar sem bifreiðarnar óku um og allir hæst ánægðir með það sem er að gerast. Á pallinum eru verðmæti til að vinna og gera úr meiri verðmæti til sölu á erlendum mörkuðum. Í formi frosins fíks.

Sumt sem vörubílsþallurinn geymdi fór til upphengingar á rám í sérstökum hjöllum. Oft staðsettum utan byggðar en samt allur gangur á hvernig framkvæmt var. Þar hékk vertíðarfiskurinn og gegnþornaði. Gegnþurr fiskurinn var tekinn af ránum og honum pakkað inn og settur utan um strigi og hann þá orðin klár til fara í skip. Eitt sinn er eitt af þessum skipum sem flutti skreiðarvarninginn til kaupenda erlendis, gerast undur og stórmerki. Er lestar skipsins eru opnaðar taka baggarnir sjálfir á rás og drífa sig einn á eftir öðrum í land, án aðstoðar nokkurs krana. Ástæðan er að allt hafði maðkað sem í pökkunum var á leiðinni yfir hafið og talsvert líf komið í alla lestina af maðka völdum sem gerði að verkum að þeir leituðu upp og frá borði undir eins og fært varð. Og færið gafst við opnun lestarlúga. Sel þetta ekki dýrara ég keypti. Svona á einum tímapunkti var samt talað.

Ekki lýgur almannarómur:

„Ágætt í negrann“- sögðu menn og gáfu hvorum öðrum olnbogaskot, harla stoltir.

Aflahrotur vertíða voru vel þekkt fyrirbæri og biðu vertíðarmenn eftir þessu aflahrotum fiskiskipanna hvort sem var á bátunum eða í fiskvinnsluhúsunum í landi. Þá loks gátu þeir brett upp ermar og unnið eins og skepnur og vakað restina af vorvertíðinni við aðgerð og allt sem svona törnum fylgir. Hver sem er ungur þarf að sofa? Hann er hér til að vinna.

Þrældómurinn gefur helling af peningum af sér. Sem þó minna varð úr upp staðið vegna þess að fæst af þessu harðduglega unga fólki kunni með peninga að fara. Ekki voru allir í sporum einstaklingsins sem í hverjum túr á togaranum sem hann þá starfaði á lagði hluta tekna sinna inn á sinn Sparisjóðsreikning. Sögðu menn í gamni að slóð hafi myndast í götunni frá skrifstofudyrunum yfir til Sparisjóðsins, þar sem peningarnir voru lagðir inn. Eins og kindaslóð á jörðinni. Við þekkjum kindaslóð. Þessi heiðursmaður safnaði sér fyrir íbúð. Og síðar keypti.

Verður vitleysan meiri? Hver í dag gerir svona? Bara sérvitringur. Eins og ég til að mynda sem hef haft fyrir sið í á annan áratug að leggja ákveðna upphæð mánaðarlega til hliðar. Psst! Nenni ekki lengur að hanga í þessum fátæktaranda sem grenjar látlaust af blankheitum. Bara nenni ekki. Og vitið þið hví? Guð hefur blessað mig. Líka fjárhagslega. Við þetta lifi ég í dag. Heyri ég hlátrasköll? Heldur betur og þau ekki lítil. HAHA. „Trúi ekki orði. Er sama um sannleika.“-

Í dag stendur síldarfólk ekki á bryggjum og vinnur undir berum himni með gjálfrandi öldu undir fótum sér en síldveiðar hafnar og síldarvinnsla komin í gang. Fá veiðiskip með mikinn afla.



Félagsmenn Verkalýðsfélaganna sem eiga aðild að ASÍ hafa allt vald í sínum höndum hvort sambandið starfi áfram eða hætti. Eina sem þarf er að félögin samþiggi að ganga úr ASÍ. Engir aðrir en skráðir félagsmenn hafa þar völd. Ekki gleyma hvernig land þetta liggur. Gott ef félögin tækju ákvörðun um þetta atriði með fundum og bíði ekki of lengi með þá.

Eftir því sem ég skil er upphaflega hugsun með ASÍ að það gengi fram fyrir skjöldu sem ein rödd í samningum við atvinnurekendur.

Mikill fjöldi verkafólks er undir ASÍ. Ekki samt öll verkalýðsfélög. Félög utan ASÍ ganga sjálf fram og semja við atvinnurekendur. Held að þau félög standi sig ekkert verr ASÍ- félögunum.

Segi starfandi Verkalýðsfélag sig frá ASÍ- samstarfi gerist slíkt einvörðungu eftir löglega boðaðan fund í einu og öðru Verkalýðsfélagi. Þau, hvert fyrir sig, taka sameiginlega ákvörðun um að vera eða fara. Velji félagið, hvaða sem er, að fara er það sjálft tekið við keflinu og ljóst orðið að framundan hjá því Verkalýðsfélagi er að semja sjálft við atvinnurekendur og notast við eigin mannafla. Má segja að með þessu móti sé vettvangur allur færður nær viðfangsefninu sem getur ekki verið neitt verri leið en hún sem farin hefur verið hingað til í þessum samningamálum í hvort sem er Verkalýðs- eða Sjómannafélagi. Fjarlægðin við vettvang getur ekki verið betri hinni leiðinni að vera í meira návígi og þekkja aðstæður vel og gera með eigin hætti. Minnir að verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði hafi oft náð betri samningum en önnur Verkalýðsfélög. Og hvað er rangt við þetta?

Sjá má að með þessu mundum við skunda aftur til upphafs verkalýðsbaráttu og til tímanna er menn eru að stofna þessi félög í byrjun tuttugustu aldar. Úrsögn félaganna úr ASÍ er raunverulega að segja fólki þetta. Gott að hugleiða. Félagismaður þarf og að vita hvað hann vill.

Mikilvægt er að menn átti sig á þessu því sannast sagna eru þessi fjölmörgu Verkalýðsfélög sem starfrækt eru hringinn í kringum landið eru enn að fullu virk. Samt verður að segjast eins og er að þau flest séu vel falin á bak við ASÍ- fjallið og lítið um þau fjallað.

Vel getur verið að þetta sé rétt leið að fara og sameining undir einum hatti ASÍ ekki rétta leiðin.

Að hverfa aftur til upphafsins og þeirra tíma er félögin ein sömdu hver við sína atvinnurekendur má segja að menn horfi máski framan í þá tíma á nýjan leik? Ekki fyrirfram alvond staða. Sú leið er óneitanlega svolítið beinni og nær viðfangsefninu en hin leiðin sem farin hefur verið undarfarna áratugi.

Á sínum tíma kvarta atvinnurekendur nokkuð um óhægræðið þess að semja við hvert Verkalýðsfélag fyrir sig. Þeir tala um að í þetta fari mikill tími, sem vel má taka undir. Þessi afstaða er mögulega upphafið að saumi hattsins sem menn gefa nafnið ASÍ- og verkalýðsfélögin gera að sinni sameiginlegu rödd og í sínu fyllsta umboði.

Hvort lendingin verði að horfið verði frá núverandi skipulagi Verkalýðsmála á Íslandi er vel hugsanlegt. Fer eftir því hvort verkafólk lands hafi fengið upp í háls á ástandinu. Samt hættir ekki verkalýðsbaráttan. Hún heldur áfram en færir aftur til upphafsins og heim í byggð og inn í eigið heimahérað. Ekki alslæm býtti.

Verður maður nú bara að segja.



Saga af pabba.

Þegar við vorum börn á sjöunda áratug seinustu aldar komum við bræðurnir oft til pabba þar sem hann lá inn í herbergi að lesa Moggann og báðum hann um að segja okkur sögu. Við beiðni okkar varð hann.

Í þá daga hélt mamma Mogganum til haga og geymdi á vissum stað heima og líka seinna, er við sjálfir fórum að stunda sjó, sem í mínu tilviki hefst 1970 en talsvert fyrr hjá sumum bræðra minna nokkrum árum eldri.

Sjómenn á þeim árum, kringum 1964, hreint elska að fletta dagblöðum í landi eftir vertíðir, úthöld, og langa og stranga törn vikum og mánuðum saman á síldarbáti.

Verk mömmu var að henda engu Morgunblaði og varðveita. Morgunblaðið var áskriftarblað heimilisins á Hellisgötu 15 í Hafnarfirði í mörg herrans ár.

Víða um land er venjan að geyma dagblöð á heimilum sjómanna. Hafnarfjörður á þessum árum er bær sjómanna meira en líklega flest annað.

Er pabbi kom heim í frí var með fyrstu verkum hans að taka fram Moggann og fletta í gegnum allar síðurnar, lesa sumt og sleppa öðru. Á þeim dögum er blaðalestur viss helgiathöfn sjómanna. Þetta er hægt að skilja með þá vitneskju uppi að lengst af voru þessir menn utan allra fréttu á síldveiðunum og allur gangur á hvort og hvar Ríkisútvarpið næðist um borð.

Pabbi, sem sagt, kunni margar sögur og sagði skemmtilega frá. Margir sem maður starfaði með til sjós báru honum þetta vitni.

Fyrir kom að við þrír bræðurnir, á sitt hvoru ári, ættum til að skreppa inn: „Pabbi! Viltu segja okkur söguna um Litla Kláus og Stóra Kláus?“- sem pabbi var til í að gera og tók sér nokkrar mínútur í fyrstu sögu. Settumst við spenntir á rúmbríkina. Pabbi byrjar söguna um Litla- og Stóru Kláus, sem ég mann reyndar ekkert í dag um hvað er en söguþráðurinn alveg á hreinu á þeim árum.

Eftir þessa fyrstu sögustund förum við burt og erum eitt risastórt bros í framan og alsælir. Nokkru seinna skeður hið sama og pabbi, að okkar beiðni, segir okkur aftur söguna um litla Kláus og Stóra Kláus, en nú í styttri útfærslu. Aftur göngum við bræður alsælir frá. Heldur þetta áfram og pabbi að segja okkur söguna af Litla Kláus... Eftir beiðni frá okkur. Alltaf styttest sagan um miðjuna og kominn frá nokkrum mínútum að lengt niður í kannski eina mínútu, en viðbrögð söm. Þrír alsælir drengir gengu út úr herberginu. En svo lauk þessu.

Mann ekki eftir annarri sögu sem pabbi sagði okkur en vissi að hann kunni margar. Ekki þarf alltaf mikið til að vekja börnum gleði. Sama tuggan endurtekin er nóg á vissu aldurs skeiði.

Skemmtileg upprifjun og einnig svolítið fyndin. Svona eru börn. Þau eru barnaleg í nokkur ár en verða svo fullorðin.



Margt sem maður skilur ekki hví sé gert og hvað standi að baki sumri lagasetningu og breytingum á lögum sem sett eru á hinu háa Alþingi íslendinga. Samkvæmt hinu opinbera er hver maður í dag enn barn til 18 ára aldurs og fram til þess aldurs ósjálfráða eins og barnið er og lýtur yfirráðum foreldra sinna. Er ég ólst upp hvarf þessi lagavernd við 16 ára aldurstakmarkið. Henni er ég sammála en ekki 18 ára aldurstakmarkinu. Auðvitað er góð lagasetning að vera með lagabókstaf fyrir svona málum og að til séu lög um hvenær barninu sleppi og heimur fullorðinna taki við. Samt er of langt gengið að lög landsins flokki 18 ára gamlan einstakling enn sem barn. Hrein geggjun sem gengur ekki. Enda bara: „Ráðríki og stjórnsemi“– segi ég nú bara.

Hið einkennilega við málið, og lögin, hefur mér alltaf fundist að engin skuli hafa hreyft neinum andmælum og ekki annað að sjá en að landsmenn einfaldlega kyngi lögunum. Minnst ekki neinna andmæla.

Hvað er að fólki og hvern vernda slík lög, og fyrir þá hverju og gegn hverju. Vondi kallinn er vissulega til staðar en er samt ekki á hverju götuhorni liðlangan daginn til að hremma eitt og annað barnið og ungmennið og afvegaleiða. Horfum á staðreyndir og endurmetum þessi lög og höggvum af þessar tvær tölur svo eftir standi talan 16, eins og gilti hér áratugum saman? Verum sjálfstæð þjóð þó hún á milli beri sig saman við aðrar þjóðir. Höldum sjálfstæðinu og setjum í lög þau ein sem okkur sjálfum finnst rétt að hafa en ekki vegna utanaðkomandi þrístings frá kannski „Stóra Bróðir“ til að hafa „Skaphund þann“– góðan. Stóri Bróðir getur vel verið ágætur og ljúfur en veit ekki alltaf betur öllu öðru fólki. Ekki missa eigin virðingu heldur vinnum eins og hentar sjálfstæðri þjóð. Hún ein veit hvað betra sé. Rétt skal vera rétt. Talan, 16 ára, sem viðmiðunarmark sjálfræðis er góð tala og betri hinni. Sem reyndar er ekki rétt aldurstala né skilur með réttum hætti á milli barns og fullorðins. Metið á sjálfu ykkur. Og þið sjáið sannleik slíkra staðhæfinga. Munum að allt svona skipti máli. Við eigum ekki að raska lífi fólks meira en nauðsýnlegt sé. Lög er ekki hugsuð til neins slíks heldur til verndar. Sjálfur fannst manni maður vera kominn í tölu fullorðna við sextán ára aldur og bakka ekkert með það að svo hafi verið. Fékk maður endá heilbriggt og gott uppeldi í foreldrahusum þarna í Hafnarfriði og gekk með út í lífið og býr á vissan hátt enn að. Og lífið hefur mætt með sínum atgangi, sinni reynslu, sínum sigrum og sinni sorg. Hver sleppur? Fyrir margt er að þakka og að hafa verið orðin 26 ára gamall er fyrst varð dauðsfall í nærfjölskyldu minni. Þakklæti að því leiti til að hafa þá fengið að ganga með téðri manneskju í 26 ár. Hugsu oft um þetta. Maður kominn fast að sjötugu í dag er fær um að líta yfir farin veg og meta sjálfstætt hvað honum sjálfum finnst um til að mynda sjáfræðisárið. Ég stoppa við töluna 16, eins og áður hefur komið fram og hvíka ekki frá að þá hófust fullorðinsár mín en ekki við 18 ára aldur. Skiptir máli. Barnaleg hugsun fólks er annað. Hún getur viðhaldið fram í andlátinu. Oft erum við nú ósköp barnaleg.

Aldrei botnað neitt í þessari lagabreytingu sem gerð var á lagalegri skilgreiningu barns og fullorðins og spyr enn hvern sé verjið að verja og hví? Lífið er eins og það er og öllum núlifandi gert að takast á við líf sitt. Þetta líka gerir fólk. Einkum fyrir þær sakir að geta ekkert gert neitt annað. Lífið er þarna fyrir framan hvert og eitt okkur og er stundum hart og fúlt, og svo fúlla, ósannngjarnt, erfitt, inn á milli leiðinlegt og svo bráðskemmtilegt, en breytir engu um að hvernig sem það blasir við þarf fólk, já, einstaklingur, ég og þú, að glíma við eigið líf á eigin forsendum og gera fjarri vernd og varðveislu æskuheimilis. 18 og 16 ára geta það vel en fimmtán ára gengi slíkt verr og fólki þaðan af yngra. Vegna ónógs þroska. Verum sanngjörn. Öll erum við fólk og vitum að oft munum við standa ein og með það sem gott foreldrahus gefur okkur af gæðum.



Togarinn Jón Vídalín í smíðun á Spáni, mögulega 1973. Skipið kom til Þorlákshafnar sumarið 1974.